

Reglur um stuðningsfjölskyldur vegna fatlaðra barna hjá fjölskyldusviði Fjarðabyggðar

I. kafli Almennt um þjónustuna

1. gr.

Skilgreining

Samkvæmt 21. gr. laga um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum og reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra nr. 155/1995 þá skulu fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Þörf fyrir þjónustu er metin í hverju tilfelli fyrir sig út frá fötlun barns og aðstæðum fjölskyldu. Við matið er horft til aldurs barns, umönnunarpunga, stig fötlunar og félagslegra aðstæðna fjölskyldunnar. Dvöl fatlaðs einstaklings hjá stuðningsfjölskyldu skal bundin í samningi og miðast við tiltekið tímabil.

2. gr.

Markmið

Markmið þjónustunnar er að létta álagi á fjölskyldur barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku. Heimilt er, eftir mati, að veita fjölskyldum fatlaðra 18 ára og eldri kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna.

3. gr.

Réttur til þjónustu stuðningsfjölskyldna/inntak

Fjarðabyggð er skylt að tryggja að fjölskyldur fatlaðra barna eigi kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Verkefni stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu þess og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku.

Þörf barns fyrir stuðningsfjölskyldu er alltaf metin í samráði við foreldra þess. Við matið er horft til aldurs, eðlis og umfangs fötlunar og mats á stuðningsþörf, sem og félagslegra aðstæðna. Taka ber tillit til óska foreldra við val á stuðningsfjölskyldum eins og unnt er. Þjónusta stuðningsfjölskyldu miðast að öllu jöfnu við sólarhringsþjónustu en semja má um aðra tilhögun á framkvæmd þjónustunnar.

Ekki er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón fleiri en tveggja fatlaðra barna í senn nema um systkini sé að ræða.

Fjarðabyggð sér um framkvæmd þjónustunnar á grundvelli samnings um sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands vegna málefna fatlaðs fólks og samnings Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps. Allir íbúar á félagsþjónustusvæði Fjarðabyggðar eiga rétt til þjónustunnar að uppfylltum öðrum viðmiðum skv. reglum þessum.

Við ráðningu stuðningsfjölskyldna er ávallt krafist læknis- og sakavottorðs. Hagir fjölskyldunnar eru kannaðir með heimsóknum og viðtölum. Stuðningsfjölskylda skrifar undir þagnarheit varðandi þær upplýsingar sem hún fær um einkahagi viðkomandi fjölskyldu.

Dvöl miðast við sólarhringsþjónustu og lengd ákvarðast af mati á þjónustuþörf. Semja má um aðra tilhögun en sólarhringsþjónustu til að koma til móts við þörf á dagsdvöl.

II. kafli Framkvæmd þjónustunnar

4. gr.

Umsókn um stuðningsfjölskyldu

Sótt er um stuðningsfjölskyldu á þar til gerðum eyðublöðum sem skilað er til félagsþjónustu Fjarðabyggðar. Á eyðublaðinu skuli koma fram upplýsingar um aldur og fötlun barns, fjölskylduaðstæður og fleira.

5. gr.

Mat á þjónustubörf og ákvörðun um þjónustu

Allar umsóknir um stuðningsfjölskyldur eru afgreiddar af meðferðarfundum ráðgjafar- og búsetuteymis félagsþjónustu. Lagt er mat á umsóknir, magn þjónustunnar ákvæðið, ásamt tímalengd samnings og greiðslum til stuðningsfjölskyldna. Þar er stuðst við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins.

- Börn með umönnunarmat frá 85% til 100% fá 2-5 sólahringa í mánuði. Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru skv. 1. fl. skv. reglugerð nr. 1205/2008 um greiðslur vegna stuðningsfjölskyldu
- Börn með umönnunarmat frá 43% til 70% fá 2-4 sólahringa í mánuði. Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru skv. 2. fl. skv. reglugerð nr. 1205/2008 um greiðslur vegna stuðningsfjölskyldu
- Börn með umönnunarmat frá 25% til 35 % fá 1-2 sólahringa í mánuði. Greiðslur til stuðningsfjölskyldu eru skv. 3. fl. skv. reglugerð nr. 1205/2008 um greiðslur vegna stuðningsfjölskyldu
- Börn í umönnunarflokki 4 og 5 eiga ekki rétt á stuðningsfjölskyldu. Heimilt er í undantekningartilvikum að víkja frá þessu ákvæði.

Komist teymið ekki að sameiginlegri niðurstöðu um afgreiðslu máls eða ef um álitamál er að ræða sem reglur ná ekki yfir þá skal bera málið undir félagsmálanefnd Fjarðabyggðar til frekari úrvinnslu. Félagsmálanefnd hefur eftirlit með ákvörðunum og kallar reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

6. gr.

Kynning á ákvörðun

Umsækjendur fá skriflegt svar um afgreiðslu umsóknar innan tveggja vikna frá því að umsókn berst félagsþjónustunni. Ef umsókn er sett á biðlista er umsækjanda tilkynnt það bréflega. Í synjunarbréfi skal bent á rétt til þess að óska eftir rökstuðningi fyrir synjun og upplýsingar um áfrýjunarrétt.

7. gr.

Framkvæmd þjónustunnar

Við upphaf þjónustu er haldinn fundur allra aðila og gerð grein fyrir hlutverki hvers og eins. Gerður er þrihliða tímabundinn samningur milli stuðningsfjölskyldu, foreldra og félagsþjónustu Fjarðabyggðar. Heimilt er að segja samningnum upp á samningstímabilinu með eins mánaðar fyrirvara. Í samningnum kemur fram fjöldi sólahringa í mánuði, almennar upplýsingar um samningsaðila og verkefni stuðningsfjölskyldunnar. Samningur er endurnýjaður um áramót eða oft.

8. grein

Heimild vegna sérstakra aðstæðna

Heimilt er að gera samninga við foreldra fatlaðra barna þar sem upp koma sérstakar aðstæður, t.d. alvarleg veikindi, andlát eða erfiðar félagslegar aðstæður sem víkja frá reglum þessum.

III. kafli

Málsmeðferð, málsskot og gildistími

9. grein

Samvinna við umsækjanda

Öflun gagna og upplýsinga skal unnin í samvinnu við umsækjanda. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er.

10. grein
Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi.

Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

11. grein
Rangar eða villandi upplýsingar

Þjónusta sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er í öllum tilfellum endurskoðuð og samningum rift ef þurfa þykir.

12. grein
Málskotsréttur og endurupptaka máls

Sé umsókn um þjónustu hafnað skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til viðeigandi ákvæða þessara reglna. Þar skal jafnframt kynntur réttur umsækjanda til frekari rökstuðnings og réttur til að áfrýja afgreiðslunni.


Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur umsækjandi áfrýjað til félagsmálanefndar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Félagsmálanefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálanefndar til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun félagsmálanefndar.

13. gr.
Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar í félagsmálanefnd 13. febrúar 2012, í bæjarráði 27. febrúar 2012 og í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 1.mars 2012.

Fjarðabyggð 1.mars 2012



Páll Björgvin Guðmundsson
bæjarstjóri